

51. fundur Samráðsnefnd Vesturbýggðar og Tálknafjarðarhrepps
23.01.2018

**51. fundur Samráðnefndar Vesturbýggðar og Tálknafjaðarhrepps haldinn að Aðalstræti 63,
Patreksfirði, þriðjudaginn 23. janúar 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson (ÁSv) aðalmaður, Magnús Jónsson (MJ) aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður (EDJ) í síma, Jón Örn Pálsson (JÖP) varamaður í síma, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) formaður í síma og Óskar Leifur Arnarsson, forstöðumaður (ÓLA).

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Brú lífeyrissjóður – lífeyrisskuldbindingar í A-deild – 1801006.

Lagt fram tölvubréf ásamt fylgiskjölum dags. 5. janúar sl. frá Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga þar sem tilkynnt er að hlutur Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti í viðbótar lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaga við A-deild Brúar í kjölfar setningu laga nr. 12/2016 um Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins sé rúmar 5 millj.kr.

Samráðsnefnd samþykkir að greiða upp framlag í Jafnvægissjóð Brúar að upphæð 0,5 millj.kr. og Varúðarsjóð að upphæð 0,4 millj.kr. en óskar eftir að greiðslur í Lifeyrisaukasjóð að upphæð 4,1 millj.kr. greiðist með samtímagreiðslum, þ.e. með hækjun lífeyrissjóðgalda.


Samráðsnefnd óskar eftir viðbótarframlagi frá aðildarsveitarfélögum sem nemur uppgreiðslu viðbótarframlags í Jafnvægissjóð og Varúðarsjóð og hækunar lífeyrissjóðgalda vegna tímabilsins júní til desember 2017. Lagt er til að greiðslur í Lifeyrisaukasjóð verði mætt með samtímagreiðslum, þ.e. hækjun mánaðarlegra iðgalda í Brú lífeyrissjóð.

2. Minjasafnið Egils Ólafssonar að Hnjóti – fjárhagsáætlun 2018 – 1801029.

Lögð fram fjárhagsáætlun Minjasafnsins að Hnjóti fyrir árið 2018. Alls er gert ráð fyrir útgjöldum 21,1 millj.kr. og tekjum 21,1 millj.kr.

Samráðsnefnd samþykkir framlögð drög að fjárhagsáætlun minjasafnsins ársins 2018 með fyrirvara um hækjun samtímagreiðslna lífeyrissjóðgalda í Brú og framlags til viðhalds fasteigna safnsins, sem ákveðið verður síðar. Forstöðumanni er falið að gera kostnaðaráætlun, forgangsraða viðhaldsverkefnum og leggja tillögur fyrir næsta fund samráðsnefndar.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:25.


Asgeir Sveinsson (ÁSv)


Friðbjörg Matthíasdóttir (FM)

Jón Örn Pálsson (JÖP)


Óskar Leifur Arnarsson (ÓLA)


Magnús Jónsson (MJ)

Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ)


Þórir Sveinsson (ÞS)